

Nd.

447. Tillaga til þingsályktunar

[235. mál]

um kaup og rekstur á þyrilvængju á Vestfjörðum.

Flm.: Steingrímur Pálsson, Sigurvin Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma áætlun um kaup og rekstur á þyrilvængju, sem staðsett verði á Vestfjörðum og annist landhelgisgæzlu, hjálpar- og björgunarstarf, lækni- og sjúkraflug og jafnvel póstflug.

Greinargerð.

Íslendingar hafa leitazt við að taka nútímatækni í sína þjónustu, og það hefur tekizt á mörgum sviðum. Það er einmitt tæknin, sem getur leyst mörg af okkar vandamálum. Þess vegna er áriðandi, að við reynum að fylgjast vel með allri tækniþróun.

Árið 1948 fékk Slysavarnafélag Íslands að láni þyrilvængju til reynslu við hjálpar- og björgunarstörf, og jafnframt fékk landhelgisgæzlan umráð vélarinnar til reynslu við gæzlu. Reynslan sýndi, að þyrilvængju gerði mikið gagn á þeim tíma eða fyrir 23 árum. Slysavarnafélag Íslands vildi þá kaupa vélina, en treysti sér ekki til að standa undir rekstrarkostnaði hennar. Niðurstaðan varð sú, að þyrilvængjan var ekki keypt, hún var ekki talin heppileg — að dómi flugráðs. Nú höfum við reyndar tekið þyrilvængjur í okkar þjónustu, en í smáum stíl, m. a. í þjónustu landhelgisgæzlunnar.

Allir gera sér ljóst, að innan tíðar verða Íslendingar að færa út landhelgislinuna og jafnframt að efla alla landhelgisgæzlu til stórra muna. Fyrir utan Vestfirði eru auðug fiskimið, og ásókn erlendra fiskiskipa eykst frá ári til árs. Þessi þróun er því áhyggjuefni, ekki eingöngu Vestfirðinga, heldur allra landsmanna. Með því að staðsetja hæfilega stóra þyrilvængju á Vestfjörðum væri stigið stórt spor í þá átt að vernda okkar gjöfulu fiskimið á þessu svæði. Vitað er, að aðrar þjóðir nota nú þyrilvængjur við hjálpar- og björgunarstörf í ríkum mæli og með góðum árangri. Eflaust getum við notað slík tæki hér á sama hátt. Einnig væri hægt að flytja veika eða slasaða menn á milli skipa eða til lands, og jafnframt væri hægt að aðstoða skip eða báta, ef vélabilanir bæri að höndum, með því að koma til þeirra nauðsynlegum varahlutum. Þess vegna væri að því mikið öryggi, ef þyrilvængja væri staðsett á Vestfjörðum til að sinna öllum þessum verkefnum þar.

Eitt af stærstu vandamálum Vestfirðinga sem annarra er ástandið í heilbrigðismálum. Læknaskorturinn er staðreynd, og hætt er við, að læknislaust geti orðið í sjávarþorpum á Vestfjörðum á komandi árum. Þá gæti komið sér vel að hafa til-tæka þyrilvængju til þess að annast flutninga á sjúklingum, eða til þess að flytja lækna á milli læknamiðstöðvanna og læknislausu staðanna. Með því að staðsetja þyrilvængju á Vestfjörðum mætti leysa þetta alvarlega vandamál Vestfirðinga í heilbrigðismálum að mestu leyti. Slík þyrilvængja staðsett á Vestfjörðum gæti einnig annazt t. d. póstflug, landmælingar, ískönnunarflug. Verkefnin geta verið óteljandi.

Með þessari tillögu er farið fram á, að nú þegar verði kannað af sérfróðum mönnum, hvaða stærð af þyrilvængju væri heppilegust til að sinna þessu hlutverki, hvar hagkvæmast væri að staðsetja hana á Vestfjörðum. Það ætti öllum að vera ljóst, að slík þyrilvængja mundi skapa mikið öryggi og jafnframt leysa mörg vandamál Vestfirðinga. Tillögur um kaup á þyrilvængjum, sem hefðu með höndum þau verkefni, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, hafa komið fram áður, bæði á Alþingi og utan þess, en enn þá hefur málið ekki fengið þá athugun, sem nauðsynlegt verður að telja, og því er þessi tillaga flutt.